

# LÖG

## GLÍMUSAMBANDS ÍSLANDS

### I. kafli

#### Heiti og tilgangur

##### 1. gr.

Glímusamband Íslands, skammstafað GLÍ, er æðsti aðili um allt sem viðkemur glímumálum innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ)<sup>1</sup>.

Aðsetur og varnarþing GLÍ er í Reykjavík.

Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga.

##### 2. gr.

Glímusamband Íslands er samband glímuráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga sem og annarra félaga innan ÍSÍ sem iðka og eða keppa í glímu.

##### 3. gr.

Starf GLÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn glímumála.
- b) Að vinna að eflingu glímunnar með þjóðinni sem þjóðaríþróttar Íslendinga.
- c) Að vinna að kynningu og varðveislu þess menningararfs sem tengist glímunni.
- d) Að vinna að kynningu glímunnar erlendis.

##### 4. gr.

Málefnum GLÍ stjórna:

- a) Glímuþing
- b) Stjórn GLÍ

### II. kafli

#### Þing

##### 5. gr.

Glímuþing hefur æðsta vald í málefnum Glímusambands Íslands. Á glímuþingi skal marka stefnu sambandsins og taka ákvarðanir um starf þess, skipulag og fjárreiður. Ákvörðun um þingdag skal liggja fyrir eigi síðar en 1. desember ár hvert.

---

<sup>1</sup> Skv. 53.3gr. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

**6.gr.**

Halda skal reglulegt glímuping ár hvert í febrúar eða marsmánuði. Þá skal halda aukaping ef þörf krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Stjórn GLÍ boðar til þings með minnst eins mánaðar fyrirvara. Boða skal þingið bréflega eða með tölvutækum hætti. Með þingboði skal fylgja dagskrá, lagabreytingatillögur og breytingatillögur að reglugerðum ef einhverjar eru. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal stjórn sambandsins senda sambandsaðilum lagabreytingatillögur og drög að ályktunum sem henni hafa borist. Einnig skal hún birta ársskýrslu GLÍ á heimasíðu sambandsins um leið og hún fer í prentun. Glímupingið er einungis lögmætt sé löglega til þess boðað.

**7.gr.**

Ef til boðunar aukapings kemur skal það gert með sama hætti eins og um reglulegt þing væri að ræða, nema boða má aukaping með minnst hálfs mánaðar fyrirvara. Til aukapings skal kosið með sama hætti og til reglulegs þings. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar. Ekki má kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Um aukaping gilda að öðru leyti sömu reglur og um reglulegt glímuping skv. 6gr..

**8.gr.**

Rétt til setu á glímupingi eiga fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda Glímusamband Íslands. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur glímu innan sinna vébanda sbr. 2. gr., skal eiga rétt á einum fulltrúa með atkvæðisrétti á Glímupingi. Viðbótar fulltrúafjöldi hvers aðila reiknast sem hér segir:

1. Einn fulltrúi fyrir allt að fimm keppendur samtals árlega á landsmótum GLÍ og fjórðungsglímum fullorðinna, í Reykjavík Skjaldarglímu Ármanns. Síðan einn fulltrúa fyrir hverja fimm eða brot úr fimm eftir það og telur hver einstaklingur aðeins einu sinni.
2. Einn fulltrúi fyrir að halda héraðsmót í glímu.

Stjórn GLÍ, varastjórn, skoðunarmenn og fastráðnir starfsmenn GLÍ, ÍSÍ og UMFÍ, fyrrverandi formenn og heiðursfélagar GLÍ, stjórn Glímudómarafélags Íslands, allir nefndarmenn GLÍ, íþróttafulltrúi, íþróttanefnd ríkisins og stjórn ÍSÍ og UMFÍ eiga rétt til að sækja glímuping og hafa málfrelsi og tillögurétt. Auk þess getur stjórn GLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

**9.gr.**

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og fullan atkvæðisrétt skv. því. Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ef langt er og eða dýrt að sækja þingið, eða ef fulltrúar veikist eða forfallast á síðustu stundu, má þá heimila undir áður nefndum krinkumstæðum að fulltrúi fari með tvö atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi undanþága gildir ekki um fulltrúa þeirra aðila sem heima eiga þar sem þingið er haldið. Umboð til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skrifleg, frá stjórn hlutaðeigandi aðila.

**10. gr**

Á reglulegu glímupingi skv. 6. gr. skulu m.a. eftirfarandi mál tekin til meðferðar

1. Þingsetning
2. Kosning starfsmanna þingsins
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Kosning nefnda:
  - a) Fjárhagsnefnd
  - b) Laganefnd
  - c) AllsherjarnefndNefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver
5. Skýrsla stjórnar:
  - a) Formanns
  - b) Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag sambandsins og leggur fram endurskoðaða reikninga
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Reikningar bornir upp til samþykktar
8. Lögð fram fjárhagsáætlun
9. Lagabreytingar
10. Lagðar fram tillögur og þær teknar til umræðu
11. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær
12. Kosningar:
  - a) Formaður sambandsins
  - b) Fjórir aðalmenn í stjórn og þrír til vara
  - c) Tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
  - d) Fulltrúa á íþróttaping. Heimilt er að vísa fulltrúavali á íþróttaping til stjórnar með samþykki þingsins
  - e) Þrír menn í aganefnd og þrír til vara
13. Önnur mál
14. Þingslit

**11.gr**

Að loknu hverju þingi skal stjórn sambandsins senda stjórn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands skýrslu um störf sambandsins umliðið ár, upplýsingar um hverjir skipi stjórn og aðrar trúnaðarstöður á vegum þess.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Skv. 53.4gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

**III. kafli**  
**Stjórn sambandsins**

**12.gr.**

Stjórn Glímusambands Íslands skipa formaður, ásamt fjórum meðstjórnendum kjörnum á glímupingi. Stjórn sambandsins ber ábyrgð á starfi og fjárreiðum sambandsins. Starfs stjórnar sambandsins er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir glímupings
2. Vinna að eflingu glímunnar á landinu
3. Stuðla að virðingu Glímunnar sem þjóðaríþróttar Íslendinga og menningararfs
4. Að semja tillögur um glímumót, reglugerðir eða reglugerðarbreytingar og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
5. Að koma fram á erlendum vettvangi fyrir hönd glímunnar og vera í forsvari um öll erlend samskipti glímumanna.

Stjórnin skal flytja skýrslu um starf sambandsins umliðið ár á reglulegu þingi.

**13.gr.**

Á fyrsta fundi sínum skal stjórn sambandsins skipta með sér verkum. Skal stjórnin kjósa sér:

1. Varaformann, sem er staðgengill formanns í forföllum hans.
2. Gjaldkera, sem sér um bókhald og fjárreiður sambandsins. Hann hefur umboð til fjárskuldbindinga og gerninga af hálfu þess skv. samþykktum stjórnar.
3. Ritara, sem skal halda gjörðabók sambandsins.
4. Meðstjórnandi.

**14.gr.**

Formaður boðar fundi stjórnar og er fundur löglegur sitji meirihluti stjórnar hann þ.m.t. varamenn ef aðalmenn forfallast.

**IV. kafli**  
**Glímudómarar**

**16.gr.**

Til þess að slíta Glímusambandi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmati glímupingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukapingi sem stjórn GLÍ skal boða til innan sex mánaða. Á aukapinginu skulu aðildarfélög eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á glímupinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um glímuping gilda um aukapingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta GLÍ skal aukapingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi GLÍ skulu renna.

**VI. kafli**

**Heiðursviðurkenningar**

**17.gr.**

Stjórn sambandsins getur kosið heiðursfélaga GLÍ.

**18.gr.**

Ævifélagar Glímusambandsins geta þeir orðið sem stjórn sambandsins samþykkir.

**VII. kafli**

**Ýmis ákvæði**

**19.gr.**

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar, ef þess er óskað og því verður við komið, og skulu atkvæðaseðlar jafnan eyðilagðir að lokinni kosningu.

**20.gr.**

Ef ekki er annað tekið fram í lögum þessum skal einfaldur meirihluti ráða ákvörðun innan sambandsins.

**21.gr.**

Reikningsár sambandsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

**22.gr.**

Skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á glímuþingi til eins árs í senn sbr. lið c í 10.gr. Skoðunarmenn reikninga yfirfara reikninga sambandsins og öll reikningsuppgjör fyrir hvert starfsár.

**23.gr.**

Aðildarfélög eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar sambandsins. Aðildarfélag skal senda stjórn sambandsins skýrslur um mót sem haldin eru. Skýrslur þessar skulu sendar sambandinu innan eins mánaðar frá mótslokum.

**24.gr.**

Aðildarfélag skal senda sambandinu ársskýrslur um störf sín fyrir 1. febrúar ár hvert. Á þessum ársskýrslum byggist fulltrúaréttur félagsins á glímuþingi sbr. 8.gr.

**25.gr.**

Stjórn sambandsins hefur frjálsan aðgang að öllum glímumótum og sýningum sem haldin eru af aðildarfélögum eða sambandinu sjálfu. Jafnframt hefur stjórnin seturétt á aðalfundum aðildarfélaganna og Glímudómarafélags Íslands.

**26.gr.**

Rísi ágreiningur um hvernig ber að skilja lög þessi sker stjórn sambandsins úr honum. Áfrýja má þeim úrskurði til Dómstóls ÍSÍ.

**27.gr.**

Lögum þessum verður aðeins breytt á glímupingi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Leggja skal breytingar á lögnum fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.<sup>3</sup>

**28.gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt 11. apríl 1965.

Breytt á 27. ársþingi 16. febrúar 1991

Breytt á 29. ársþingi 27. mars 1993

Breytt á 34. ársþingi 19. apríl 1998

Breytt á 37. ársþingi 3. mars 2001

Breytt á 38. ársþingi 9. mars 2002

Breytt á 41. ársþingi 4. mars 2005

Breytt á 44. ársþingi 22. febrúar 2008

Breytt á 48. ársþingi 3. mars 2012